LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á Reglum um gæðingakeppni. Breytingin felur í sér að þegar fimm dómarar dæma fellur hæsta og lægsta einkunn út.

Breytingartillaga a. við gr. 5.1 Reikniregla um uppgjör dómara

Dómarar birti einkunnir með 2 aukastöfum þegar aðaleinkunn er birt og skal meðaleinkunn keppenda birt þannig. Reikna skal einkunn og gera út um sætaröðum með þriðja aukastaf. Þessi regla gildir um alla flokka gæðingakeppninnar.

Þegar 5 dómarar dæma er hæsta og lægsta einkunn strikuð út.

Breytingartillaga b.

Eftirfarandi setning fellur brott allsstaðar þar sem hún kemur fyrir í reglugerðinni:

Séu allar einkunnir lesnar upp [...] séu fimm dómarara að dæma.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hefur verið mikil umræða og breiður samhljómur um að breyta dómum í gæðingakeppni þannig að hæsti og lægsti dómari detti út, líkt og í íþróttakeppni. Með því að fella út hæstu og lægstu einkunn minnka líkur á því að einn dómari sem er á skjön við aðra dóma, geti haft mikil áhrif á röð keppenda í úrslitum.